

GJALDSKRÁ

fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

1. gr.

Vatnsgjald.

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m²/ár</i>
Reykjavík og Akranes	5.252	203,81
Álfanes og Stykkishólmur	6.572	255,02
Grundarfjörður	6.839	301,03
Borgarbyggð og Úthlíð	7.499	330,08

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamatí. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2019 og uppfæriskv. henni í desember ár hvert.*

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabyggingum skulu að lágmarki vera 35.231 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald er 35,21 kr./m³ og gjald fyrir byggingavatn er 162,66 kr./dag.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna¹ kr./dag</i>
15 mm	41,93	139,93
20 mm	42,67	140,69
25 mm	54,94	152,95
32 mm	61,57	159,57
40 mm	74,08	172,12
50 mm	90,60	188,65
65 mm	122,23	219,99
80 mm	237,14	335,37
≥ 100 mm	249,31	347,60

¹ Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

Heimæðargjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

<i>Dvermál inntaks:</i>	<i>32 mm</i>	<i>40 mm</i>	<i>50 mm</i>	<i>63 mm</i>	<i>75 mm</i>	<i>90 mm</i>	<i>110 mm</i>
Heimæðar-gjald kr.:	313.157	447.526	639.552	925.699	1.223.552	1.637.992	2.258.151

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá Orkuveitunni.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatnaskrani ¹	89.863
Aftenging byggingavatnaskrana, yfirborð ófrágengið	78.032
Aftenging byggingavatnaskrana, yfirborð malbik eða steypa	206.272
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu ²	68.463

¹ Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig heimæðargjald í samræmi við stærð sem sótt er um.

Heimæðar fyrir fristundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	801.108
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR	25 mm	575.337

Þetta verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbrott.

4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu fyrir desember 2019 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.*

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2020. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1276/2018.

* Þrátt fyrir ákvæði um hækkanir skv. byggingarvísitölu munu hækkanir á árinu 2020 að hámarki vera 2,5% í samræmi við lífskjarasamninga.

Reykjavík, 17. desember 2019.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

Gestur Pétursson framkvæmdastjóri Veitna.